

3. HAUSTÞING FJÓRÐUNGSSAMBANDS VESTFIRÐINGA

Haldið 5. og 6. október 2018 í Edinborgarhúsinu Ísafirði

Þingskjal nr. 13

Landbúnaðarmál

Þriðja haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Ísafirði dagana 5.-6. október 2018 lýsir miklum áhyggjum af framtíð sauðfjárbúskapar á Vestfjörðum vegna tekjuskerðingar í greininni. Sauðfjárrækt er víða lykilþáttur í atvinnu og samfélagsgerð sveitarfélaga á Vestfjörðum, sveitarfélaga sem hafa átt í vök að verjast með tilliti til byggða- og atvinnuþróunar.

Hér má einnig benda á að vegna fábreytni atvinnulífs og strjálbýlis er erfitt að finna eða sækja í aðra atvinnu til að styðja við rekstur sauðfjárbúa, því veruleg hætta á að sauðfjárbúum fækki á Vestfjörðum. Slík þróun er í raun ótæk með tilliti til hagsmuna sauðfjárræktar á Íslandi, þar sem Vestfirðir eru hreint svæði af sauðfjársjúkdómum. Vestfirðir eru einnig sá landshluti þar sem vandi vegna ofbeitar er lítt til staðar og gæti landið í raun þolað meira beitarálag.